

34. tbl. 33. árg. 13. - 19. okt. 2021

Fjallabyggð



Fjárhagsáætlun 2022

Ábendingar, tillögur og/eða erindi er varða fjárhagsáætlun 2022

Þeir fbúar, félagasamtök og fyrirtæki í Fjallabyggð sem vilja koma með ábendingar eða tillögur er varða fjárhagsáætlun 2022 eru hvattir til að senda þær inn til bæjaryfirvalda í netfangið fjallabyggd@fjallabyggd.is **merkt fjárhagsáætlun 2022.**

Styrkir eða framlög bæjarfélagsins vegna starfsemi ársins 2022

Vakin er athygli á því að opnað verður fyrir umsóknir um menningar-, og fræðslustyrki, styrki vegna hátiða, styrki til reksturs safna og setra og umsóknir um styrk til greiðslu fasteignaskatts fyrir árið 2022 þann 14. október nk.

Umsóknarfrestur vegna styrkja eða framlaga er til 28. október nk. Einungis er hægt að sækja um rafrænt inn á www.fjallabyggd.is - **Rafræn Fjallabyggð.**

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér reglur Fjallabyggðar um úthlutun styrkja til menningartengdra verkefna, reksturs safna og setra og til hátiðarhaldar.

Fjallabyggð 11. október 2021
Elías Pétursson, bæjarstjóri

Siglufjarðarkirkja næstkomandi sunnudag



Kl. 11.15: Kirkjuskóli.

Verið hjartanlega velkomin, ung sem eldri
Rut, Viðar, fermingarbörn vetrarins og Siggi prestur

BÓKASAFN FJALLABYGGÐAR

HANNYRÐAKVÖLDIN

AÐ HEFJAST!

12. OKTÓBER 2021

PRIÐJUDAGAR FRÁ KL. 20.00 - 22.00

SIGLUFJÖRÐUR - BÓKASAFNIÐ - GRÁNUGÖTU 24

Fjallabyggð



Bóka- og
héraðsskjalasafn

Hannyrðakvöld LOKSINS LOKSINS

Þau verða í allan veturn **annan hvern þriðjudag**
og eftir sem áður eru allir velkomnir.

Bókasafnið er opið á sama tíma –

Heitt á könnunni

Fram að áramótum verða hannyrðakvöldin:



12. – 26. október

9. – 23. nóvember

7. – 21. desember

Fjallabyggð



BÆJARLISTAMAÐUR FJALLABYGGÐAR


2022

Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar auglýsir eftir
tilnefningum um Bæjarlistamann Fjallabyggðar 2022.

Nafnbótin Bæjarlistamaður Fjallabyggðar getur hlotnast listamanni
eða hópi. Styrkur til bæjarlistamanns 2022 nemur kr. 300.000.-
til einstaklings og kr. 400.000.- til hóps.

Tilnefningar skulu berast til bæjarfélagsins fyrir 28. október nk. með bréfi eða
í tölvupósti til markaðs- og menningarfulltrúa, Lindu Leu Bogadóttur,
á netfangið lindalea@fjallabyggd.is.

Reglur um tilnefningu bæjarlistamanns má finna á heimasíðu Fjallabyggðar.



Fjallabyggð, 11. október 2021
Markaðs- og menningarnefnd Fjallabyggðar

Viðhorfskönnum með happdrættisvinnungi

Undanfarin ár hefur Gallup framkvæmt könnun um ýmis atriði sem snerta kjör og aðstæður félagsmanna Einingar-löju og AFLs starfsgreinafélags. Nú er slík könnun í gangi og er búið að senda bréf á 3.000 félagsmenn sem valdir voru handahófskennt úr félagaskrám þessara tveggja félaga.

Starfsmenn hjá Gallup eru nú að hringja í þessa félagsmenn og er mjög áriðandi að fá sem nákvæmastar niðurstöður þannig að við hvetjum ykkur til að svara svo hægt verði að nýta niðurstöðurnar.

Við hvetjum ykkur til að taka vel á móti Gallup

Ykkar upplýsingar skipta miklu máli!

Könnunin er líka happdrættismiði því allir sem taka þátt
geta unnið veglega vinninga.

Þátttakendur strax í happdrættispott!

20 þátttakendur lenda strax í happdrættispotti, vinningshafar fá tilkynningu fljótlega eftir að búið er að svara könnuninni. Um er að ræða gjafakort að andvirði kr. 15.000.

Átta veglegir vinningar eru í boði þegar könnuninni er lokið. Tveir vinningar að upphæð kr. 150.000 og tveir kr. 50.000 auk fjögurra vikudvala í orlofsibúðum félaganna.



GALLUP®

